



Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1642  
komudagur 3.3.2008

Reykjavík 28. febrúar 2008.

## USÖGN

um **Frumvarp til laga** um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Framkvæmdastjórn LEB fjallaði um ofangreint frumvarp á fundi sínum 20. febrúar sl. Framkvæmdastjórnin bendir á að frá árinu 1939 innleiddu Svíar almennar skólatannlækningar og í framhaldinu almenna tannheilbrigðisþjónustu allra landsmanna, sem enn er við lýði þar í landi undir heitinu “Folktandvården”. Nokkur dæmi um ástand mála þar í landi í dag:

Tannumhirðutrygging nær til fólks sem orðið er að minnsta kosti 65 ára umrætt ár og byggist á á 1 ½ grunnupphæð. Fólk sem að minnsta kosti er orðið 65 ára og fólk á aldrinum 20 til 29 ára á þetta jafnframt við um skoðunargjöld.

Bætur vegna ákveðinna, umfangsmikilla tannaðgerða sem og bætur vegna aukinna þarfa fyrir tannlækningar vegna veikinda eða hreyfifötlunar.

Gerð tannbrúa og gerfitanna nýtur endurgreiðslu vegna sérlega mikils kostnaðar.

Fólk sem að minnsta kosti hefur náð 65 ára aldri á árinu greiðir hámark 7.700 SEK (um 77.000 kr.) fyrir gerfbygginga í tönnum. Við þennan kostnað bætast útgjöld vegna grundvallar tannhirðu og efnis.

Um tannlækningar á vegum Landspítalsins (sú stofnun sem sér um heilbrigðisþjónustu sveitarfélaga) gilda sömu reglur og á sviði heilbrigðis- og umönnunarmála almennt, þ.e.a.s. hámarksútgjöld sjúklings 900 SEK (um 9.000 kr.) síðan fær sjúklingurinn frikort.

Framkvæmdastjórnin mælir með því að Alþingi líti til tannlækningafyrirkomulags Svía sem á undanförunum sjöttíu árum hefur sannað gildi sitt þar í landi og þjóðinni allri góðri og almennri tannheilsu.

Virðingarfyllst

Borgþór S. Kjærnested, framkv.stj.LEB